

Ed.

865. Frumvarp til laga

[293. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. apríl.)

1. gr.

3. másl. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Um tilbúning og framleiðslu áfengra drykkja fer samkvæmt lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Önnur framleiðsla, tilbúningur og bruggun áfengra drykkja eða áfengisvökva er bönnuð á Íslandi, svo og að gera drykkjarhæft það áfengi sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning, dreifingu og sölu áfengis, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu áfengis samkvæmt þessum kafla.

6. gr.

Lög þessi taka gildi 1. mars 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. Meðal annars ber nefndinni að fjalla um verðlagningu áfengis og leiðir til að vara við hættum sem fylgja neyslu þess, t.d. með áprentuðum upplýsingum um áfengishlutfall og ákvæði umferðarlaga. Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda.